



22. mars 2019
1903036

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (lækkun iðgjalds).

Með tölvupósti, dags. 11. mars 2019, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á innstæðutryggingum og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, er varðar breytingu á iðgjaldi sem viðskiptabankar og sparisjóðir greiða til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, TIF (637. mál á 149. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðum laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, verði breytt þannig að almennt iðgjald verði lækkað úr 0,225% af iðgjaldagrunni á ársgrundvelli í 0,16% en að áfram verði miðað við óbreyttan iðgjaldagrunn sem gjaldstofn. Jafnframt er lagt til að gjaldið á ársfjórðungslegum gjalddögum lækki til samræmis úr 0,05625% í 0,04%. Miðað er við að breytingin komi til framkvæmda 1. júní 2019.

Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) er ætlað að skapa traust og stuðla að fjármálastöðugleika með því m.a. að draga úr smitáhrifum fjármálaáfalla. Miklar breytingar hafa verið gerðar á regluverki fjármálastofnana frá fjármálaáfallinu, m.a. til að styrkja gjaldfærni þeirra og draga úr líkum á áföllum. Í því sambandi má nefna að eignfjárkröfur hafa verið auknar verulega og lausafjárkröfur auknar ásamt því að fjármálastofnanir þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksfjármögnun. Verndun innstæðna í Evrópu miðast við tvær nýjar tilskipanir sem Evrópusambandið (ESB) hefur samþykkt, þ.e. tilskipun 2014/49/ESB um starfsemi innstæðutryggingakerfa (DGS III) og tilskipun 2014/59/ESB um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD). Með áðurnefndum tilskipunum fá tryggðar innstæður og tryggingarsjóður innstæðueigenda forgang í bú innlánsstofnana. BRRD tilskipunin tryggir jafnframt að ef fjármálafyrirtæki lendir í áfalli er hægt að fara mismunandi leiðir við skilameðferð m.a. til að tryggja aðgengi að tryggðum innstæðum.

DGS III tilskipunin mælir m.a. fyrir um að lágmarks- og hámarkstryggingavernd innstæðna skuli vera 100.000 evrur. Jafnframt er kveðið á um að lágmarkseignastaða innstæðutryggingarsjóðs skuli vera 0,8% af tryggðum innstæðum. DGS III tilskipunin hefur ekki enn verið tekin upp í

EES-samninginn, en unnið hefur verið að upptöku hennar síðustu ár. BRRD tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn 9. febrúar 2018 og var hluti hennar innleiddur í íslenskan rétt með lögum nr. [54/2018](#) og er miðað við að seinni hluti hennar verði innleiddur á 150. löggjafarþingi Alþingis (veturinn 2019/2020).

Lágmarks og hámarks trygging innstæðna mun breytast með innleiðingu DGS III, en miðað við núgildandi lög er lágmarkstrygging innstæðueiganda 20.877 evrur og ekkert hámark er á tryggingaverndinni heldur er tilgreint hvaða innstæður eru undanskildar tryggingu (t.d. innstæður fjármálafyrirtækja). Í árslok 2018 voru heildareignir innstæðudeildar TIF 38,6 ma.kr., en eignir TIF sem hlutfall af tryggðum innstæðum samkvæmt núgildandi lögum um innstæðutryggingar voru 2,7% í árslok 2018. Hlutfall eigna TIF af tryggðum innstæðum skv. DGS III var hins vegar 4,5% í árslok 2018 sem telst hátt í alþjóðlegum samanburði og er verulega umfram 0,8% lágmarksviðmiðið.

Núverandi staða TIF með hliðsjón af kröfum DGS III er góð. Miðað við tryggingavernd DGS III er fjármagn TIF nægjanlegt til að greiða út allar tryggðar innstæður allra innlánsstofnana annarra en kerfislega mikilvægra banka. Ljóst er að hvorki er mögulegt né nauðsynlegt að TIF geti greitt út að fullu allar tryggðar innstæður í öllum innlánsstofnunum samtímis. Samkvæmt BRRD er miðað við að kerfislegar mikilvægar fjármálastofnanir fari í skilameðferð í stað hefðbundins gjaldþrots. Í skilameðferðarferlinu njóta tryggðar innstæður forgangs og tilskipunin tryggir að ef fjármálafyrirtæki lendir í áfalli er hægt að fara mismunandi leiðir við skilameðferð m.a. til að tryggja aðgengi að tryggðum innstæðum. Tilskipunin tryggir jafnframt að hægt er að setja lágmark um hlutfall ótryggðra skulda, en tryggðar innstæður hafa fullan forgang á slíkar skuldir ef til skilameðferðar kemur.

Mun hærri eiginfjárkröfur nú en áður (t.d. sérstakt álag á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki), forgangur tryggðra innstæðna, krafa um lágmark ótryggðra skulda og sveigjanleiki við skilameðferð eru allt þættir sem eiga að stuðla að því að innstæður og eigendur þeirra verði ekki fyrir tjóni. Stærð TIF og iðgjöld verður því að skoða í því ljósi, en með þessum aðgerðum hefur verið dregið verulega úr líkum á því að nýta þurfi fjármagn TIF vegna lágmarkstryggingar innstæðna.

DGS III og BRRD tilskipanirnar eru samtvinnaðar og saman mynda þær það regluverk um innstæðutryggingar sem gilda mun á Íslandi eftir innleiðingu þeirra hér á landi. Með BRRD verður t.d. stofnaður sérstakur skilasjóður og miðast stærð hans við tryggðar innstæður eins og stærð innstæðutryggingarsjóðs. BRRD kveður á um að lágmarkseign skilasjóðs árið 2027 skuli vera 1% af tryggðum innstæðum, en jafnframt er miðað við að hægt sé að nýta fjármuni TIF við skilameðferð fjármálafyrirtækja að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ljóst er að byggja þarf upp skilasjóð með iðgjöldum og að inngreiðslur í sjóðinn komi frá innlánsstofnunum. Til greina kemur að færa hluta fjármagns TIF í nýjan skilasjóð en ákvörðun um slíkt hefur ekki verið tekin.

Með frumvarpinu er ekki verið að innleiða einstök ákvæði DGS III og BRRD tilskipananna, heldur er frumvarpið liður í að aðlaga umgjörð innstæðutrygginga að nýju heildarregluverki sem gilda mun um þær.

Lækkun iðgjalds í TIF skv. frumvarpinu miðast við að núverandi hlutfall eignasafns TIF af tryggðum innstæðum samkvæmt DGS III haldist óbreytt. Í ljósi stöðu TIF og þeirra breytinga sem framundan eru telur Seðlabankinn þær breytingar á iðgjaldi sem lagðar eru til í frumvarpinu ásættanlegar. Af þeim sökum og af framansögðu gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Rannveig Sigurðardóttir
aðstoðarseðlabankastjóri



Harpa Jónsdóttir
framkvæmdastjóri